

SS

Gervigreindarstefna samstæðu SS

Innri stefna fyrir starfsfólk

Örugg, ábyrg og gagnleg notkun gervigreindar í daglegum verkefnum

Meginboðskapur

Gervigreind er hjálpartæki til stuðnings og tekur ekki sjálfstæðar ákvarðanir.

01

Ábyrgð

02

Trúnaður

03

Persónuvernd

04

Mannleg ákvörðun

1. Tilgangur

Tilgangur stefnunnar er að setja skýrar og einfaldar reglur um notkun gervigreindar hjá samstæðu SS.

SS vill nýta gervigreind til að bæta vinnu, spara tíma og styðja starfsmenn í daglegum verkefnum. Notkunin þarf þó alltaf að vera örugg, ábyrg og í samræmi við trúnað, persónuvernd og hagsmuni félagsins.

Gervigreind er hjálpartæki til stuðnings og tekur ekki sjálfstæðar ákvarðanir.

2. Gildissvið

Stefnan gildir um alla starfsmenn, stjórnendur, verktaka og aðra sem nota gervigreind í tengslum við störf fyrir fyrirtæki SS, þar að segja SS, Hollt og Gott, Reykjaröð og möguleg framtíðar fyrirtæki í eigu samstæðunnar.

Hún nær til samþykktra gervigreindartóla, svo sem Claude, og annarra sambærilegra lausna, hvort sem þær eru notaðar í textagerð, þýðingum, myndgreiningu, gagnavinnslu eða öðrum verkefnum.

3. Meginreglur

Við notkun gervigreindar hjá SS gilda eftirfarandi reglur:

Starfsmaður ber alltaf ábyrgð á niðurstöðunni.

Ef gervigreind hjálpar við texta, greiningu eða hugmyndir þarf starfsmaður samt að yfirfara og staðfesta efnið.

Ekki má setja trúnaðargögn í opin gervigreindar-tól.

Þetta á við um óopinber verð (eins og kostnaðarverð og afslætti), samninga, innkaup, birgja, viðskiptakjör, söluáætlanir, framlegð, fjárhagsgögn og önnur viðkvæm rekstrargögn.

Ekki má setja persónuupplýsingar í gervigreindar-tól nema heimild sé fyrir því.

Þetta á meðal annars við um upplýsingar um starfsmenn, umsækjendur, viðskiptavinir, birgja eða aðra einstaklinga.

Gervigreind má ekki taka mikilvægar ákvarðanir.

Gervigreind má styðja við vinnu, en ekki taka ákvarðanir um ráðningar, laun, uppsagnir, birgjaval, samninga, öryggismál eða önnur mikilvæg rekstrar- eða réttindamál.

4. Leyfileg notkun

Starfsmenn mega almennt nota gervigreind til aðstoðar við verkefni þar sem það nýtist til vinnu án þess að stofna gögnum og upplýsingum í hættu.

Viðkvæmar upplýsingar þarf alltaf að fjarlægja eða gera ópersónugreinanlegar áður en texti er settur í gervigreindar-tól.

5. Efni sem fer út fyrir félagið

Ef gervigreind er notuð til að útbúa efni sem fer út fyrir SS, til dæmis til viðskiptavina, birgja, neytenda eða opinberra aðila, þarf starfsmaður að yfirfara efnið sérstaklega.

Gæta þarf að sérstaklega að upplýsingar séu réttar, trúnaði sé gætt, persónuvernd, tón og framsetningu í texta, orðspori SS og að lögum sé fylgt.

Gervigreind má hjálpa við textann, en starfsmaður þarf alltaf að staðfesta endanlegt efni.

6. Samþykkt tól

SS ákveður hvaða gervigreindartól eru samþykkt til notkunar í starfi.

Ákveðið hefur verið að Claude sé samþykkt gervigreindartól SS. Starfsmenn geta fengið aðgang að Claude ef ljóst er að notkun tólsins nýtist í starfi þeirra og yfirmaður samþykkir aðganginn.

Aðgangur að Claude eða öðrum samþykktum gervigreindartólum veitir starfsmanni ekki heimild til að setja inn trúnaðarupplýsingar, persónuupplýsingar eða önnur viðkvæm gögn nema slíkt hafi verið sérstaklega metið og samþykkt.

Ef starfsmaður er í vafa um hvort tiltekið tól eða notkun sé heimil skal hann leita ráða hjá næsta yfirmanni eða tölvudeild.

7. Ábyrgð

Starfsmenn bera ábyrgð á eigin notkun gervigreindar og yfirmenn bera ábyrgð á að starfsmenn þekki reglurnar.

Ábyrgðaraðili persónuverndar, tölvudeild eða stjórnendur skulu koma að málum þegar notkun gervigreindar felur í sér viðkvæm gögn, persónuupplýsingar eða aukna áhættu.

Starfsmaður sem fær aðgang að samþykktu gervigreindartóli, svo sem Claude, skal staðfesta með undirritun eða öðrum rekjanlegum hætti sem SS ákveður að hann hafi lesið stefnuna, skilið efni hennar og samþykki að fylgja henni í starfi sínu.

Með staðfestingu skuldbindur starfsmaður sig til að nota gervigreind í samræmi við stefnuna, gæta trúnaðar og leita leiðbeininga ef vafi leikur á heimilli notkun.

8. Atvik og vafi

Ef starfsmaður telur að trúnaðarupplýsingar, persónuupplýsingar eða önnur viðkvæm gögn hafi verið sett í gervigreindar-tól fyrir mistök, skal tilkynna það strax til næsta yfirmanns, tölvudeildar eða persónuverndarfulltrúa SS.

Ef vafi leikur á hvort nota megi tiltekin gögn í gervigreindar-tóli gildir einföld regla:

Einföld regla

Ekki setja gögnin inn fyrr en búið er að fá leiðbeiningar.

Stutt útgáfa fyrir starfsfólk

Spurning	Svar
Má nota gervigreind til að hjálpa við vinnu?	Já, ef gögnin eru ekki viðkvæm og starfsmaður yfirfer niðurstöðuna.
Má setja inn óopinber verð, samninga eða birgjaupplýsingar?	Nei, ekki í opin eða ósamþykkt gervigreindar-tól.
Má setja inn persónuupplýsingar?	Nei, nema sérstaklega hafi verið metið að það sé heimilt og öruggt.
Má nota gervigreind í vörulýsingar og textagerð?	Já, sem drög. Starfsmaður þarf að staðfesta allt áður en það er notað.
Má gervigreind taka ákvörðun?	Nei. Gervigreind má aðstoða, en starfsmaður eða stjórnandi ber ábyrgð.
Hvað geri ég ef ég er í vafa?	Ekki setja gögnin inn. Spurðu fyrst.

Muna að sannreyna

Niðurstöður gervigreindar þarf að sannreyna.

Gervigreind getur gefið röng svör, misskilið samhengi eða búið til upplýsingar sem hljóma sannfærandi en eru rangar.

Leyfileg notkun

Starfsmenn mega almennt nota gervigreind til aðstoðar við verkefni eins og, athugið að listinn er ekki tæmandi heldur eingöngu til viðmiðs:

- ✓ drög að tölvupóstum, fundargerðum og verklýsingum,
- ✓ þýðingar og málfarslagfæringar,
- ✓ samantektir úr almennum eða óviðkvæmum texta,
- ✓ hugmyndavinnu,
- ✓ gerð kynningar- og fræðsluefnis,
- ✓ aðstoð við Excel, Power BI, Power Automate eða sambærileg verkfæri,
- ✓ fyrstu drög að vörulýsingum, markaðstexta eða innra efni.

Óheimil notkun

Starfsmenn mega ekki setja eftirfarandi upplýsingar í opin eða ósamþykkt gervigreindar-tól, athugið að neðangreindir listar eru ekki tæmandi:

Persónutengdar upplýsingar:

- launaupplýsingar,
- kennitölur eða aðrar persónuupplýsingar, notkun þarf að vera í samræmi við lög um persónuvernd og innri reglur SS. Persónuupplýsingar eru sérstaklega viðkvæmar og þarf að meta vel hvort það sé heimilt, öruggt og nauðsynlegt. Ef hægt er þá getur verið betra að nota tilbúin ópersónugreinanleg dæmi til að leita að niðurstöðu í stað raunverulegra upplýsinga.
- veikindaupplýsingar eða önnur viðkvæm starfsmannamál,

Viðskiptaupplýsingar:

- samninga eða samningsdrög,
- verðlista nema þeir séu opinberir, afslætti, innkaupaverð eða tilboð,
- birgðastöður, söluáætlanir eða framlegðargögn,
- óbirt fjárhagsgögn,
- upplýsingar um kvartanir, lögfræðimál eða persónuverndaratvik,
- annað sem telst trúnaðarmál eða gæti skaðað SS ef það færi út fyrir félagið.

Öryggis eða tækniupplýsingar:

- Notendaaðgangsupplýsingar, lykilorð, aðgangsslyklar (eins og t.d. api lyklar)

Einföld regla

Einföld regla: Ef upplýsingarnar mega ekki fara til rangs aðila, þá eiga þær ekki heima í opnu AI-tóli.

Uppfært 28. Maí 2026 – Steinþór Skúlason